



## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.




Sviðsstjóri umhverfis-og framkvæmdasviðs ber ábyrgð á snjóhreinsun í þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu.

Áhaldahúsin annast snjóhreinsun og hálkuvörnir að og við stofnanir sveitarfélagsins í þéttbýli.

Ábyrgð á einstökum deildum fellur þó á ábyrgðar aðila hvers deildar fyrir sig;

### Patreksskóli

- Gústaf Gústafsson-ábyrgðaraðili. [gustaf@vesturbyggd.is](mailto:gustaf@vesturbyggd.is)
- Húsvörður sér um að moka snjó frá dyrum og gönguleið milli skólanna merkt rautt á mynd.
- Starfsmenn áhaldahúss moka aðkomu neyðarbíla á skólasvæði merkt appelsínugult á mynd.
- Starfsmenn áhaldahúss moka svo stærri tröppur við skóla merkt grænt á mynd.






## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Brattahlíð íþróttamiðstöð.

- Atli Már Einarsson-ábyrgðaraðili. [brattahlid@vesturbyggd.is](mailto:brattahlid@vesturbyggd.is)
- Vaktaðili sér um að moka frá dyrum og tröppum merkt rautt á mynd.
- Áhaldahús sér um að moka stæði merkt appelsínugult á mynd.





## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Ráðhús.

- Siggeir Guðnason-ábyrgðaraðili. [ahaldahus@vesturbyggd.is](mailto:ahaldahus@vesturbyggd.is)
- Áhaldahús hreinsar frá hurðum og plön.






## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Araklettur.

- Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir-ábyrgðaraðili. [araklettur@vesturbyggd.is](mailto:araklettur@vesturbyggd.is)
- Ábyrgðaraðili hreinsar frá dyrum merkt rautt á mynd.
- Áhaldahús hreinsar plan merkt appelsínugult á mynd.





# Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Áhaldahús Patreksfirði.

- Siggeir Guðnason-ábyrgðaraðili. [ahaldahus@vesturbyggd.is](mailto:ahaldahus@vesturbyggd.is)
- Hreinsað eftir þörfum, huga skal vel að slökkvistöð.





## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Selið.

- Guðný Ólafsdóttir-ábyrgðaraðili. [eyrasel@vesturbyggd.is](mailto:eyrasel@vesturbyggd.is)
- Hreinsist eftir þörfum gæta þarf vel að hálkuvörn.
- Áhaldahús sér um að hreinsa bílastæði merkt appelsínugult á mynd.






## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Félagsheimili Patreksfjarðar.

- Rósa Ástvaldsdóttir-ábyrgðaraðili. [fhp@vesturbyggd.is](mailto:fhp@vesturbyggd.is)
- Ábyrgðaraðili hreinsar frá dyrum merkt rautt á mynd, hreinsist eftir þörfum gæta þarf vel að hálkuvörn.
- Áhaldahús sér um að hreinsa bílastæði merkt appelsínugult á mynd.





## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.




Áhaldahúsin ásamt verktökum, annast snjóhreinsun gatna og gangstétta í þéttbýli og dreifbýlinu þar sem þarf að hreinsa. Unnið er eftir ákveðnu skipulagi þar sem búið er að forgangsraða snjóhreinsunar svæðum eftir hve hreinsun er áriðandi.

Áhaldahúsin eru tengiliðir við íbúa, Vegagerðina og verktaka á hverju svæði. Þeir hafa ekki upplýsingar um veður eða færð á öllum vegum en leggja sig vitaskuld allir fram um að hafa sem besta yfirsýn yfir verkefnið.

Verkstjóri Áhaldahúss á viðkomandi svæðum forgangsraða verkefnum í snjóhreinsun og hálkueyðingu í samræmi við götukort. Þeir kalla út verktaka sem fylgja skulu fyrirmælum hvað varðar fyrirkomulag og gæði hreinsunar.

Íbúar eru hvattir til að kynna sér reglur um skipulag hreinsunar og kort sem sýna forgangs röðun snjóhreinsunar í þéttbýli.



Mikilvægt er að þeim sem annast snjóhreinsun sé sýnd tillitssemi við störf sín. Þeir leggja á sig mikla vinnu, oft við erfiðar aðstæður, við að halda akstur- og gönguleiðum í sveitarfélaginu greiðfærum.





## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Viðmiðunarreglur Snjóhreinsun og hálkueyðing

Markmið með snjóhreinsun og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum og skólalaldi. Vetrarþjónusta miðar að því að halda opnum helstu stofn- og tengibrautum, skólabílaleiðum og aðgengi að neyðarþjónustu eins og kostur er. Ef veður eða veðurútlit er með þeim hætti, er áskilinn réttur að fella niður snjóhreinsun eða skerða þjónustu, á meðan óveður gengur yfir.

Snjóhreinsun og hálkueyðingu í Vesturbyggð er stjórnað af Umhverfis – og framkvæmdasviði Vesturbyggðar og Vegagerðinni. Sviðsstjóri umhverfis-og framkvæmdasviðs ber ábyrgð á snjóhreinsun í sveitarfélaginu.

Ábyrgðaraðilar, með aðstoð frá áhaldahúsum annast hreinsun og hálkueyðing á og við stofnanir sveitarfélagsins.

Reynt er að lágmarka umferð snjómoksturstækja við skóla á helstu ferðatímum barna til og frá skóla.

Vakin er athygli á að ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega snjóhreinsun á einstökum vegum eða götum.

Sveitarfélagið annast ekki snjóhreinsun á eftirfarandi stöðum.

- Á bílastæðum eða plönnum einstaklinga og fyrirtækja
- Frá sorpílátum og bílskúrum einstaklinga og fyrirtækja
- Að einstökum ferðamannastöðum

Sveitarfélagið greiðir ekki kostnað vegna snjóhreinsunar sem til hefur verið stofnað án samþykkis, nema ef beiðni um hreinsun kemur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðartilvika.

Ofantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis sveitarfélagsins.



## Snjóhreinsun við stofnanir Vesturbyggðar Patreksfirði.



Íbúar eru beðnir um að hafa samband við verktaka á sínu svæði þegar þörf er á snjóhreinsun, áhaldahús sér ekki um að skipuleggja snjóhreinsun hjá einstaklingum eða fyrirtækjum.

Vegagerðin hefur skilgreint vegi þar sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu, allt að þrisvar í viku þar sem kostnaður skiptist til helminga á Vegagerð og Vesturbyggð. Vegagerð aðhefst ekki í snjómokstri á þessum vegum fyrr en ósk eða samþykki þar um liggur fyrir frá Vesturbyggð.

Ef þörf er á helmings mokstri oftast en þrisvar í viku, verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar.

Sjá upplýsingar á vef Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarhjonusta/vinnureglur/8e0cb10625e546a50025711100565352?OpenDocument>

Þjónustuflokkar fyrir snjóhreinsun gatna og gangstétta í þéttbýli.

Bílastæði og plön við skóla, leikskóla, íþróttamiðstöð, heilsugæslustöð, slökkvistöð og björgunarsveitarhús eru í forgangi og skulu vera hreinsuð fyrir 08:00 virka daga.

Safngötur með minni umferð, aðalgötur gegnum hverfi. Hreinsun hefst þegar hreinsun er lokið á aðalgötum. Bílastæði og plön við ráðhús og aðrar stofnanir sveitarfélagsins skulu hreinsuð samhliða.

Við snjóhreinsun gatna er líklegt að snjóruðningar eða klaki geti orðið eftir við innkeyrslur sem ekki næst að hreinsa og þurfa íbúar það sjá um þá hreinsun sjálfir.

Hálkuvarnir í þéttbýli

Í hálku er þörf á hálkuvörnum metin hverju sinni. Verkstjóri áhaldahúss sér um skipulagningu hálkuvarna.

Göngustígar

Gert er ráð fyrir að gangstéttar að skólum, leikskólum og íþróttamiðstöð séu hreinsaðar.

Tengiliður vegna snjóhreinsunar eru sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar

**Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og bera að líta á þær sem slíkar.**